



Dagsetning: 20.06.2019  
Málsnúmer: 1906103/2.10.2

## Til bæjarráðs

### Um fasteignamat í Fjarðabyggð árið 2020

Þjóðskrá Íslands hefur birt almennar upplýsingar um væntanlegt fasteignamat á árinu 2020. Samkvæmt birtum upplýsingum hækkar fasteignamat allra fasteigna á landinu um 6,1% á milli áranna 2019 og 2020, mismunandi eftir tegundum, matssvæðum og flokkum. Á sama hátt hækkar fasteignamat allra fasteigna í Fjarðabyggð um 6,5%. Samsvarandi hækkun milli áranna 2018 og 2019 var 8,7% í Fjarðabyggð og á landinu öllu 12,8%. Landmat hækkar í Fjarðabyggð um 1,9% milli áranna 2019 og 2020 en á landinu öllu lækkar það um 1%.

Hér er mynd/tafla er lýsir fasteignamatsbreytingum einstakra tegunda eigna. Fasteignamat tekur mismunandi breytingum eftir tegundum eigna.

|                              | Fjöldi eigna | 2019        | 2020        | % br.  |
|------------------------------|--------------|-------------|-------------|--------|
| 1 Íbúðarhúsnæði              | 1975         | 38.725.783  | 39.681.402  | 2,5%   |
| Par af Sérbýli               | 1543         | 32.448.472  | 32.981.042  | 1,6%   |
| Par af Fjölbýli              | 432          | 6.277.311   | 6.700.360   | 6,7%   |
| 2 Fristundabyggð             | 28           | 323.792     | 242.290     | -25,2% |
| 3 Atvinnueignir              | 373          | 107.104.738 | 115.720.138 | 8,0%   |
| 4 Stofnanir og samkomustadir | 81           | 5.861.554   | 6.318.335   | 7,8%   |
| 5 Jarðir                     | 243          | 1.887.308   | 1.898.618   | 0,6%   |
| 6 Óbyggðar lóðir og lönd     | 321          | 608.616     | 617.443     | 1,5%   |
| 7 Aðrar eignir               | 134          | 497.880     | 548.764     | 10,2%  |
| Samtals                      | 3155         | 155.009.671 | 165.026.990 | 6,5%   |

Við skoðun á áætlun um álagningu fasteignagjalda í Fjarðabyggð munu fasteignagjaldatekjur Fjarðabyggðar taka u.þ.b. eftirfarandi breytingum að öðru óbreyttu.

| Tegund gjalda                     | % breyting      |
|-----------------------------------|-----------------|
| Fasteignaskattur ú íbúðarhúsnæði  | 2,1%            |
| Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði | 8,9%            |
| Fasteignaskattur opinbert húsnæði | 7,7%            |
| <b>Samtals fasteignaskattur</b>   | <b>6,0%</b>     |
| Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis         | -0,7%           |
| Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis        | 8,0%            |
| <b>Samtals lóðarleiga</b>         | <b>5,1%</b>     |
| Fráveitugjald                     | 4,8%            |
| Vatnsgjald                        | 4,9%            |
| Sorphreinsunar- og eyðingargjald  | Samkv. ákvörðun |



Hér er mynd/tafla er lýsir fasteignamatsbreytingum íbúðarhúsnæðis eftir matssvæðum á Austurlandi. Þar kemur fram að fasteignamat á íbúðarhúsnæði hækkar að meðaltali um 4,5% á Reyðarfirði og Stöðvarfirði, í Breiðdal um 2,1%, í Neskaupstað um 2%, á Fáskrúðsfirði um 0,9% en aðeins minna á Eskifirði eða um 0,8%.

|                      | 2019       | 2020       | % br. |
|----------------------|------------|------------|-------|
| 7020 Vopnafjörður    | 3.545.450  | 3.761.037  | 6,1%  |
| 7030 Bakkagerði      | 622.380    | 680.360    | 9,3%  |
| 7035 Austurland      | 5.542.565  | 5.616.326  | 1,3%  |
| 7100 Fellabær        | 4.024.210  | 4.528.650  | 12,5% |
| 7110 Egilsstaðir     | 27.113.650 | 30.816.010 | 13,7% |
| 7115 Austfirðir      | 4.634.469  | 4.337.782  | -6,4% |
| 7120 Seyðisfjörður   | 4.345.430  | 4.450.070  | 2,4%  |
| 7130 Neskaupstaður   | 12.032.390 | 12.272.655 | 2,0%  |
| 7140 Eskifjörður     | 8.052.195  | 8.114.335  | 0,8%  |
| 7150 Reyðarfjörður   | 11.590.075 | 12.113.760 | 4,5%  |
| 7160 Fáskrúðsfjörður | 4.655.540  | 4.696.585  | 0,9%  |
| 7170 Stöðvarfjörður  | 1.017.590  | 1.063.680  | 4,5%  |
| 7180 Breiðdalsvík    | 597.560    | 610.337    | 2,1%  |
| 7190 Djúpvogur       | 2.006.094  | 1.999.178  | -0,3% |
| 7210 Höfn            | 17.431.690 | 17.808.175 | 2,2%  |

Matið breytist töluvert mismunandi á milli eignategunda og hverfa og þess vegna breytast tengdu gjöldin, fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitu- og vatnsgjald mismunandi á sama hátt að óbreyttri álagningarprósentu.

Fasteignaskattur, lóðarleiga og vatns- og fráveitugjöld hækka á íbúðarhúsnæði um rúm 2% að meðaltali í Fjarðabyggð en frá 0,8% til 4,5% í einstökum hverfum og áfram að meðaltali. Efalítið eru til eignir sem eru bæði undir og yfir þessum matsbreytingum í einstökum hverfum.

Hækkunin á atvinnuhúsnæði verður mun meiri eða nálægt 9% á milli áranna 2019 og 2020 að öðru óbreyttu og á það við um öll gjöldin þ.e. fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitu- og vatnsgjald. Á sama hátt eru hér einungis tölur um meðaltal og breytileiki milli hverfa eða tegunda eigna getur verið nokkur.

Ákvörðun um sorphreinsunar- og eyðingargjald er óháð breytingum á fasteignamati.

Snorri Styrkársson  
Fjármálastjóri